



BÓKMENNTIR

Hannes Hólmsteinn

Copy & Paste með HHG
Lærðu klækina, búðu til bók...

Flettu uppá blaðsíðu 2



BANKAHRUNID

Kjartan Gunnarsson

Kom ekki nálægt því, fullt af
liði sem kunnir ekki til verka...

Flettu uppá blaðsíðu 4



MARKAÐURINN

Illugi Gunnarsson

Traust, vönduð og hlutlaus
umfjöllun um viðskiptalífið...

Flettu uppá blaðsíðu 6



KVIKMYNDIR

Björn Bjarnason

Bjössí fjallar um Bruce Willis
og Arnald Svartanagg...

Flettu uppá blaðsíðu 8



dabbin



ÓSVÍFINN & ÓHÁÐUR - EINS OG SVO OFT ÁÐUR...

ÚTGEFANDI HÍR - HÚMOR Í RUGLINU

26. september 2009 — 1. tölublað — 1. árgangur - en það skiptir ekki máli - Dabbi á þetta skuldaust...

www.dabbin.do

LANGUR LAUGARDAGUR



"BACK TO SCHOOL"

Hannes Hólmsteinn tekur
töflufund með Dabbanum.



"D" FASHION - TÍSKA

Tískukóngur Dabbans sem
tekur á tískunni, hverjir eru
"IN and OUT" (suckers...?)



ÉG ER ROY ROGERS

Make my day PUNK, Bjössí
ræðir um geðklofann,
vantraustið, og ROY...

VEÐURSPÁ - DABBANS

-15



STORMUR

Í fyrstu verður suðvestan stormur með
öllu tilheyrandi, vonandi rigning með
morgninum en síðar rosalegir skúrir
sunnan og vestan til, og út um allt,
slydduskítur nyrðra með kvöldinu og
hversir. :-)



Ég er enginn "AUMINGI"

Dabbi "Fergússon" tók vel
á því í gærkvöldi, þangað til
að Steingrímur J. ákvað að
reyna að taka á Dabba og
henda honum út úr mötu-
neyti þingmanna í gærkvöldi,
en þar hafði Dabbi setið með
öðrum sjálfstæðismönnum
og Sigmundi Erni að drykkju.
Mikil læti brutust út þegar
Dabbi lét hendurnar "TALA".
Kallar sig núna Dabba
"Fergússon" eins og hans
orðaði það í viðtali við
Davíð Oddson fyrr í kvöld.

dabbi@dabbin.do

Hugmyndalaust fífl og misskilinn asni...

Ögmundur ömurlegur í Kastljósi í kvöld - Gerði sig að fífl og skilur ekki dönsku...

Það skilur enginn hvort eð
er hvurn andskotann þessir
vitleysingar eru að segja
þannig að ég bað Hannes
Hólmstein um "Copy & Paste"
af þessu viðtali við
Ögmund í Kastljósi, segir
Dabbi í viðtali við sjálfan sig,
en ég held að uppskurðinn
sem síðar varð niður-
skurður á St. Jósefsspítala í
Hafnarfirði, hafi orðið til
þess að mannfífl og skilur
bara ekki dönsku... "Á melt-

ingarsjúkdómadeild liggur
fyrir að starfsemin verði
skert um tæp 35% á árinu
sem þýðir að tveir af fjórum
meltingarlæknum spítala-
ans ganga nú út í leit að
nýrri vinnu á næstu dögum.
Hinir tveir sem eftir verða
vinna aðeins hlutastörf á
spítalanum. Þetta þýðir
með öðrum orðum að af
3000 starfsmönnum í heil-
brigðisgeiranum, eru bara
tveir að vinna, þess vegna

skil ég ekki af hverju
Ögmundur var með hjóla-
bretti í Kastljósi í kvöld, það
er kominn tími til að ganga
milli bols og höfuðs á þessu
andsk. vitleysingjum, segir
Dabbi ennfremur.. Vona
bara að þessir vitleysingar í
ríkisstjórn fara nú að vakna
og sjá það að allt sem það
er búið að gera er bara ek-
kert og enginn skilur neitt..

dabbi@dabbin.do



Hlutlaus ritstjórn Dabbans á Tortola, moldríkir, fallegir & ferskir...

mynd. DO

Ritstjórn Dabbans á Tortolaeyjum...

Sjóðirnir ekki í hættu - Moldríkir ennþá...

Viðsemjendur okkar eru
klókir. Nú bjóða þeir okkur
glæsivagna ef við viljum
einfaldlega framlengja það
að hafa peningana okkar
þarna áfram, nú erum við
óendanlega fjáðir, og ef að
forsendur breyta - þá bara
þeir bjóða okkur að breyta
sjóðunum í teygjusjóðsbréf,

"segir Kjartan Gunnarsson,
sem fór fyrir hóp ritstjór-
nar, í blaðinu í dag.. Þannig
munum við fá hverja krónu
til baka á endanum óháð því
hvernig Íslandi mun farnast,
enda kemur það okkur ekki
rassgat við, sagði Hannes
Hólmsteinn við DO í gær.

dabbi@dabbin.do

Veri þeir sem vilja, hina rek ég bara...

Davíð Oddsson, ritstjóri
Dabbans, segist muna nota
þá reynslu sem hann býr yfir
frá fyrri störfum, í starfi sínu
sem ritstjóri, og muni hann
ekki gæta trúnaðar með
þær upplýsingar sem hann

búi yfir, og þessir hálfvitar
sem ekki vilja vinna með
mér geta bara farið til fjand-
ans, og mér er skítsama
um einhverja áskrifendur,
þeir fá blaðið, hvort sem
þeim líkar betur eða verr.

